

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BÁ, ÁÓÁ, SKK, EBS, SF, ÓN).

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
Í stað „13. gr.“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: 14. gr.
2. Við 1. gr. er verði 2. gr.:
 - a. 1. efnismgr. orðist svo:
Alþingismanni er heimilt að ráða sér aðstoðarmann og skulu greiðslur til hans fara eftir nánari reglum sem forsætisnefnd Alþingis setur og veitt er fé til á fjárlögum hvers árs. Í reglum forsætisnefndar má kveða á um að heimildin sé bundin tilteknum kjördæmum eða tiltekinni stöðu sem alþingismaðurinn hefur í flokki sínum.
 - b. Við 1. másl. 3. efnismgr. bætist: en þó skal hafa hliðsjón af 6. gr. laganna.
3. Við bætist ný grein er verði 3. gr., svohljóðandi:
Við 14. gr. laganna, er verður 15. gr., bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Forsætisnefnd Alþingis ákveður aðrar greiðslur samkvæmt lögum þessum og setur nánari reglur um þær.